



## Fundargerð

361. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 13. febrúar 2014 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJÓ) og Sveinn Ragnarsson (SR). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og var spurt eftir öðrum málum á dagskrá, samþykkt að taka eitt mál á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá

### a) Fundargerðir

**1. 360. fundur sveitarstjórnar 9. janúar 2014.**

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

**2. Skipulags- og bygginganefnd 13. febrúar 2014.**

**1. 1401008 – Hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn, endurnýjun.**

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar, sveitarstjórn styður að unnið verði áfram að því að reglugerðin nái yfir fleiri hafnir, en ekki aðeins Reykhólahöfn.*

**2. 1402013 – Lóð í Flatey.**

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.*

**3. 1402014 – Reykhólar, land 207608 – Ósk um niðurfellingu á landnúmeri.**

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.*

**4. 1402015 – Skógarland 139680 – Ósk um leiðréttingu á skráningu.**

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.*

**5. 1402016 – 220107 Hafrafell 3, umsókn um stofnun nýrrar lóðar.**

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.*

**6. 1402022 – Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018, lýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu vegna breytinga á Reykhólum og Kirkjubóli.**

*Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að leita umsagnar viðeigandi stofnana og kynningu á lýsingu í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.*

**3. 21. og 22. fundur velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps frá 28. nóvember 2013 og 28. janúar 2014.**

*Fundargerðirnar framlagðar.*

## **b) Mál til afgreiðslu**

### **1. 1401002 – Gjaldskrár 2014.**

1. *Gjaldskrá fyrir leikskóladeild Reykhólaskóla.  
Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára, úr 402,2 stigum í 418,9 stig. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.*
2. *Gjaldskrá vegna útleigu á íþróttahúsi Reykhólaskóla til íþróttar-, ungmenna- og félagsstarfs og heilsueflingar.  
Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára úr 402,2 stigum í 418,9 stig. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.*

### **2. 1303021 – Siðareglur stjórnar Reykhólahrepps.**

Athugasemd frá innanríkisráðuneytinu dagsett 16.01.2014.

*Innanríkisráðuneytið gerir athugasemd við að siðareglur stjórnar Reykhólahrepps skuli ná til stjórnenda en ekki einungis kjörinna fulltrúa. Sveitarstjórn samþykkir að orðið stjórnendur falli úr reglunum og felur sveitarstjóra að lagfæra reglurnar í samræmi við það og senda þær til staðfestingar í innanríkisráðuneytið.*

### **3. 1402011 – Starfsmannamál.**

*Sveitarstjóri lagði fram erindi er varðar stöðu starfsmannahalds á skrifstofu sveitarfélagsins. Ráðinn hefur verið til starfa Ágúst Már Gröndal í starf ritara/fulltrúa, hann mun koma til með að sinna starfi skrifstofustjóra tímabundið í fjarveru ráðsins skrifstofustjóra. Samþykkt samhljóða.*

### **4. 1402005 – 249. mál til umsagnar frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.**

Erindi frá nefndasviði Alþingis, dagsett 17. janúar 2014.

*Sveitarstjórn veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.*

### **5. 1402006 – Styrkbeiðni frá Samanhópnum.**

Erindi frá Samanhópnum, dagsett 29. janúar 2014.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps hafnar erindinu, samþykkt samhljóða.*

### **6. 1401018 – Boð um þátttöku í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2015-2026.**

Erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 20. janúar 2014.

*Sveitarstjórn samþykkir að Sveinn Ragnarsson verði fulltrúi Reykhólahrepps í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2015-2026. Samþykkt samhljóða.*

### **7. 1401023 – Viðgerð á Bæjarnesvegi vorið 2014.**

Erindi frá Björgvin Bæringssyni, móttakið 29. janúar 2014.

*Erindið lagt fram, sótt verður í styrkvegasjóð til viðhalds styrkvega í sveitarfélaginu.*

### **8. 1402004 – Beiðni um samstarf í innheimtu.**

Erindi frá Inkasso dagsett, 31. janúar 2014.

*Sveitarstjórn hafnar erindinu. Samþykkt samhljóða.*

### **c) Til kynningar**

**9. 1312003 – Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð.**

Svarbréf hreppsnefndar Reykhólahrepps, dagsett 22. janúar 2014.

*Lagt fram.*

**10. 1401021 – Úttekt á slökkviliði Reykhólahrepps 2013.**

Erindi og úttekt frá Mannvirkjastofnun, dagsett 24. janúar 2014.

*Lagt fram og vísað til kynningar í almannavarna- og brunamálanefnd sveitarfélagsins.*

**11. 1402012 – Miðaldavirki á Reykhólum.**

Erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni og Birni Samúelssyni, dagsett 11. febrúar 2014.

*Kynnt.*

**12. 1402007 – Skil á viðaukum við fjárhagsáætlun sveitarfélaga til innanríkisráðuneytis.**

Erindi frá innanríkisráðuneyti, dagsett 15. janúar 2014.

*Lagt fram.*

**13. 1402008 – Tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar.**

Erindi frá innanríkisráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 27. janúar 2014.

*Lagt fram.*

**14. 1402009 – Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 10. janúar 2014.**

*Fundargerðin lögð fram.*

**15. 1402010 – Fundargerð 812. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

*Fundargerðin lögð fram.*

### **d) Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin**

**16. 1402021 – Reykhóladagar 2014.**

*ÁSK vakti athygli á því að auglýsa þyrfti eftir umsjónarmönnum fyrir hátíðina. Rætt um kaup á hoppikastala fyrir hátíðir í Reykhólahreppi.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16.45.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____